

Föstudaginn 22. apríl 1988.

Nr. 113/1987. **Skiptaráðandi í Reykjavík f.h.**

**Þrotabús Árna Björgvinssonar**

(Viðar Már Matthíasson hrl.)

gegn

**Jóni Einari Jakobssyni**

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun hafnað.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. mars 1987. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að framkominni frávisunarkröfu stefnda verði hrundið.
  2. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Árna Björgvinssonar við stefnda, sem fram fór með samningi dags. 10. júlí 1984 að fjárhæð 1.162.872,00 krónur.
  3. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda 1.162.872,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. júlí 1984 til 31. desember s.á., 32% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 31. s.m., með mánaðarvöxtum sem hér segir: 3,75% frá 1. febrúar 1985 til 28. s.m., 4% frá 1. mars s.á. til 31. maí s.á., 3,5% frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., 3,75% frá 1. september s.á. til 28. febrúar 1986, 2,75% frá 1. mars s.á. til 31. s.m., 2,25% frá 1. apríl s.á. til 28. febrúar 1987, 2,5% frá 1. mars s.á. til 13. apríl s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga 25/1987 frá 14. apríl 1987 til greiðsludags.
  4. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá 18. janúar 1985, í fyrsta sinn þann 18. janúar 1986.
  5. Loks er þess krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.
- Dómkröfur stefnda eru þessar:
1. Aðallega: Að málinu verði vísað frá héraðsdómi og að áfrýj-

anda verði gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. Til vara: Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

3. Til þrautavara: Að stefnukrafan verði lækkuð í 770.878,00 krónur og málskostnaður látinn falla niður.

# I.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndi á því að málshöfðunarfrestur eftir 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 hafi verið liðinn þegar málið var höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnubirtingu 5. september 1985. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að fresturinn hafi ekki verið liðinn.

Fyrir bæjarþingi gerði stefndi kröfu um frávísun, sem rökstudd var með sama hætti og frávísunarkrafan fyrir Hæstarétti. Um fyrri kröfuna gekk úrskurður á bæjarþinginu 8. apríl 1986. Var kröfunni hafnað. Úrskurði þessum var ekki skotið til Hæstaréttar í sambandi við áfrýjun málsins og kemur hann því ekki til sérstakrar skoðunar. Verður þá álitaefnið það, hvort málinu beri að vísa án kröfu frá bæjarþinginu.

Fram er komið að úrskurður um að bú Árna Björgvinssonar skyldi tekið til gjaldþrotaskipta var kveðinn upp 11. desember 1984. Fyrri innköllun var birt í Lögbirtingablaði 10. janúar 1985. Á dómþingi skiptaréttar 1. febrúar það ár fór fram uppskrift á búinu og gaf þá þrotamaður skýrslu. Hann sagði m.a. frá viðskiptum sínum við stefnda og tók jafnframt fram að bókhaldsgögn sín væru hjá endurskoðanda þeim, sem fyrir hann hefði starfað. Lofaði hann að koma þeim til skiptaráðanda 4. s.m. Þau gögn voru sótt til endurskoðandans 3. apríl 1985. Höfðu þá verið haldnir skiptafundir í búinu 25. mars og 2. apríl.

Kröfulýsingarfresti lauk 10. mars 1985. Hvað sem öðru líður verður upphaf þess frests, sem umræðir í 68. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, ekki talið vera fyrr en þann dag. Segir í lagaákvæði þessu að dómsmál til að koma fram riftun eftir gjaldþrotalögum skuli höfðað innan 6 mánaða „frá því að sá, sem með skipti fer, átti þess kost að gera riftunarkröfuna“. Málið var sem fyrr segir höfðað 5. september 1985, 5 dögum áður en misseri var frá lokum kröfulýsingarfrestsins.

Samkvæmt því er nú var sagt verður máli þessu eigi vísað frá héraðsdómi.

## II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um annað en málskostnað.

Rétt er að málskostnaður falli niður í héraði en áfrýjandi greiði stefnda 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að málskostnaður í héraði fellur niður. Áfrýjandi, skiptaráðandi í Reykjavík f.h. protabús Árna Björgvinssonar, greiði stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, 100.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 21. janúar 1987.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. janúar 1987, hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, fyrir hönd protabús Árna Björgvinssonar, nnr. 0505-9860, sem er til gjaldþrotaskipta-meðferðar hjá skiptaráðandanum í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu birtri 5. september 1985 á hendur Jóni Einari Jakobssyni, kaupmanni og lögmanni, nnr. 5152-3431, Hegranesi 35, Garðakaupstað.

Stefnandi lýsir dómkröfum sínum svo:

1. Að rift verði með dómi greiðslu á skuld Árna Björgvinssonar við stefnda, sem fram fór með samningi dags. 10. júlí 1984, að fjárhæð kr. 1.495.988,00.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.495.988,00 með 19% ársvöxtum frá 10.07.1984 til 31.12.1984, en með 32% ársvöxtum frá 01.01.1985 til 31.01.1985, en með 3,75% vöxtum á mánuði frá 01.02.1985 til 28.02.1985, en með 4% vöxtum á mánuði frá 01.03.1985 til 31.05.1985, en með 3,5% vöxtum á mánuði frá 1.6.1985 til 31.8.1985, en með 3,75% vöxtum á mánuði frá 1.9.1985 til 28.2.1986, en með 2,75% vöxtum á mánuði frá 1.3.1986 til 31.3.1986, en með 2,25% vöxtum á mánuði frá 1.4.1986 til greiðsludags.

3. Þá er þess krafist að viðurkenndur verði réttur stefnanda til þess að bæta vöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í 1. sinn þann 10.07.1985.

4. Þá er krafist málskostnaðar á hendur stefnda samkv. gjaldskrá LMFÍ og framlögðum málskostnaðarreikningi að fjárhæð kr. 203.138,08.

Endanlegar dómkröfur stefnda eru þessar:

I. Aðalkrafa: að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum, stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

II. Varakrafa: að stefnufjárhæðin lækki í kr. 745.878,00 og að málskostnaður verði felldur niður.

III. Þrautavarakrafa: að stefnukrafan lækki í kr. 1.162.872,00 og málskostnaður felldur niður.

Upphaflega var af hálfu stefnda aðallega krafist frávísunar málsins frá dómi og sú krafa byggð á því að 6 mánaða málshöfðunarfrestur samkvæmt 68. gr. laga nr. 6/1978 hafi runnið út hinn 1. ágúst 1985, þ.e. fyrir þingfestingu málsins. Með úrskurði uppkveðnum 8. apríl 1986 var þeirri kröfu hrundið og er rök fyrir þeirri niðurstöðu dómarans að finna í bókun hans í þinghaldi því þegar úrskurðurinn var kveðinn upp.

## II.

Protamaður Árni Björgvinsson rak húsgagnaverslun að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi undir nafninu Húsgagnaverslunin Skeifan.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dagsettu 8. ágúst 1984, krafðist Útvegsbanki Íslands gjaldþrotaskipta á búi hans og er bréfið áritað um móttöku sama dag. Er krafan um gjaldþrotaskiptin studd við árangurslausa löghaldsgerð frá deginum áður. Með úrskurði uppkveðnum 11. desember 1984 var bú Árna tekið til gjaldþrotaskipta.

Hinn 1. apríl 1984 yfirtók stefndi Jón Einar Jakobsson rekstur húsgagnaverslunar stefnanda. Fór þá fram vörutalning og var niðurstaða hennar kr. 1.162.872,00. Verslunin var í leiguhúsnæði og hafði stefndi hinn 16. mars 1984 greitt leigusalanum með skuldabréfi kr. 422.066,00 upp í gjaldfallna skuld Árna við leigusalann Skeifuna hf. og hinn 19. mars innistæðulausa ávísun að fjárhæð kr. 32.199,00. Eftir 1. apríl greiddi stefndi síðan ýmsar skuldir stefnanda er námu ásamt framtöldum greiðslum rúmlega andvirði lagersins, svo sem síðar verður rakið.

Ekki var gengið frá skriflegum kaupsamningi hinn 1. apríl, en eftir þann tíma greiddi stefndi Jón Einar í eigin nafni húsaleigu til leigusalans, rafmagn og annan rekstrarkostnað. Árni vann hjá stefnda Jóni Einari í apríl sem launþegi.

Hinn 10. júlí 1984 er síðan gengið frá skriflegum kaupsamningi og greiðsluuppgjöri. Áritar leigusalinn kaupsamninginn um samþykki við framsali húsaleigusamnings er miðist við 1. apríl 1984.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það hvort kaup stefnda á lagernum eigi að telja hafa farið fram hinn 1. apríl 1984 eða 10. júlí sama ár.

Kjarni málsástæðna stefnanda er því sá að stefndi hafi með samningi dags. 10.7. 1984 fengið greiddar kröfur sínar á Árna Björgvinsson með vörulager og öðrum verðmætum, sem verði að telja óvenjulegan greiðslueyri, enda hafi verðmæti þessi verið einu eignir Árna Björgvinssonar á þessum tíma og greiðslan engan veginn eðlileg eins og á stóð.

Þá er byggt sjálfstætt á því að stefndi hafi vitað að Árni var með öllu signalaus en skuldaði verulegar fjárhæðir og því hafi greiðslan á kröfum stefnda verið ótilhlýðileg mismunun stefnda í hag á kostnað annarra kröfuhafa.

Stefnukrafan er í aðalatriðum þannig sundurliðuð að stefndi hafi tekið við vörulager að fjárhæð kr. 1.162.872,00 frá Árna Björgvinssyni og einnig áður greiddum peningum kr. 120.000,00 og kr. 102.233,80 og öðrum greiðsluliðum, sem metnir hafi verið að fjárhæð samtals kr. 110.883,00, eða í heild kr. 1.495.988,80. Fjárhæð þessi hafi gengið upp í skuld sem Árni hafi verið kominn í við stefnda vegna greiðslna stefnda á skuldum vegna verslunarrekstrarins.

Kröfuna um riftun kveður stefnandi styðjast við 54. gr. laga nr. 6/1978. Jafnframt sé byggt sjálfstætt á 61. gr. sömu laga.

Endurgreiðslukrafan styðst við 62. gr. laga nr. 6/1978 og við 63. gr. sömu laga ef riftun yrði byggð á 61. gr. laganna.

Vaxtakrafan byggist á 5. gr. laga nr. 57/1960 svo og á auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót.

Málskostnaðarkrafan byggist á 1. mgr. 117. gr. laga 85/1936, sbr. og 184. gr. sömu laga, þar sem málskostnaðarreikningur hefur verið lagður fram.

### III.

Viðskipti þau er mál þetta snýst um áttu sér nokkurn aðdraganda. Stefndi Jón Einar átti og rak umboðs- og heildverslun, einkum með húsgögn, einkafirma undir nafninu Bústofn. Jafnframt sinnti hann að einhverju marki lögmannsstörfum, en hann hafði áður en viðskiptastarfsemi hans jókst haft opna lögmannsskrifstofu.

Stefndi hafði selt Árna til Húsgagnaverslunarinnar Skeifunnar húsgögn í töluverðum mæli.

Í febrúar og mars 1984 fóru þeir síðan að ræða með sér um að stefndi Jón gengi inn í rekstur húsgagnaverslunar Árna og jafnframt að stefndi sem lögmaður aðstoðaði Árna við uppgjör við kröfuhafa og samninga við þá, en vanskil Árna voru þá orðin veruleg. Fyrst ræddu þeir um að stefndi Jón Einar framleigði helming, þ.e. austurenda, af húsnæðinu að Smiðjuvegi 6 af Árna, frá 1. apríl 1984. Gerðu þeir með sér skriflegan samning þar um, dagsettan og undirritaðan 2. mars 1984. Áður en til þess kæmi

að húseigandinn áritaði þennan samning um samþykki gerðu aðilar með sér hinn 16. mars 1984 nýjan skriflegan samning sem báðir undirrituðu og húseigandinn áritaði um samþykki sitt. Hljóðaði samningur þessi svo:

„1) Árni Björgvinsson og Jón Einar Jakobsson hafa ákveðið að mynda með sér félag um rekstur húsnæðisins að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi. Mun það félag með samþykki Skeifunnar h.f. yfirtaka öll réttindi og skyldur samkvæmt húsaleigusamningi Árna Björgvinssonar og Skeifunnar h.f. frá 22. júlí 1983 svo og kaupsamningi um verslunarrekstur s.d. enda ábyrgjast þeir Árni og Jón Einar persónulega efndir samninganna gagnvart Skeifunni h.f.

Skeifan h.f. veitir þeim Árna og Jóni Einari heimild til þess að nefna fyrirhugað félag sitt: „Húsgagnaverslunin Skeifan s.f.“ og mun Skeifan h.f. tilkynna firmaskrárritara um samþykki þess.

Skeifan h.f. heimilar framleigu hins leigða húsnæðis til firmans BÚ-STOFN, sem er einkafyrirtæki Jóns Einars, á leigutímanum.

2) Verði ágreiningur með aðilum vegna samkomulags þessa, sem undirritað er af aðilum í votta viðurvist, fer um hann svo sem fyrir er mælt í ofangreindum húsaleigu- og kaupsamningum.“

Þennan sama dag, hinn 16. mars 1984, gefur Jón Einar út til Skeifunnar hf. (Búnaðarbanka Íslands vegna Skeifunnar hf.) skuldabréf að fjárhæð kr. 422.066,00.

Líða nú aðeins fjórir dagar þar til stefndi Jón Einar leggur fyrir Árna drög að nýjum samningi, þar sem gert er ráð fyrir að hann yfirtaki algerlega verslunarrekstur Árna. Hljóðar þetta samningsuppkast svo:

„Jón Einar tekur að sér rekstur Húsgagnaverzlunarinnar Skeifunnar að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi frá 1. apríl 1984 að telja. Jón Einar tekur yfir réttindi og skyldur samkvæmt samningi Árna og Magnúsar Jóhannssonar v/Skeifunnar h.f. um leigu á húsnæðinu Smiðjuvegi 6 í Kópavogi dags. 22. júlí 1983 og kaup á verslunarrekstrinum dags. í júní 1983 milli sömu aðila, sbr. og samkomulag með nefndum þremur aðilum frá 16. mars 1984.

Jafnframt leysir samningur þessi Árna undan skyldum sínum samkv. sömu samningum, — allt frá 1. apríl 84 að telja.

Jón Einar skuldbindur sig til að kaupa og Árni til að selja vörulager verslunarinnar samkv. meðfylgjandi lista á kr. 1.126.386,00, sem greiðast með því að Jón Einar tekur að sér að greiða jafnstóran hluta af skuldabréfum, sem Árni gaf út vegna lagerkaupa af Magnúsi, en þó að frádregnum skuldum Árna við Bústofn og að frádregnu því sem Jón Einar hefur þegar greitt vegna Árna eða kann að greiða á annan hátt. Veðskuldabréf þau sem Magnús Jóhannsson hefur undir höndum vegna nefndra lagerkaupa Árna skulu vera sem veð og trygging fyrir skuldbindingum sem Jón

Einar hefur tekið á sig vegna Árna unz slíkar skuldir eru að fullu greiddar af Árna.

Kópavogi, 20. marz 1984“

Samningsuppkast þetta var aldrei undirritað. Eftir því var farið m.a. að því leyti að Jón Einar yfirtók bæði húsnæðið og lagerinn hinn 1. apríl. Árni gerðist launþegi hjá honum aprílmánuð. Ný vörutalning fór fram hinn 1. apríl og er óumdeilt að niðurstaða hennar varð kr. 1.162.872,00, sú fjárhæð sem greind er sem kaupverð lagersins í lokaskjalinu hinn 10.7. 1984. Jón Einar greiddi frá 1. apríl húsaleigu fyrir allt húsnæðið til leigusala Skeifunnar hf. Tók hann síðan að greiða skuldir Árna og er framlagt greiðslufirilit hans sem hér segir:

|                               |     |                  |
|-------------------------------|-----|------------------|
| Andvirði vörulagers, gr. af   |     |                  |
| Bústofni, Garðabæ, 1.4. 1984  |     | kr. 1.162.872,00 |
| 16.3. Sveinn Snorrason hrl.   | kr. | 422.066,00       |
| 19.3. Innst.l. áv. Útvb. og   |     |                  |
| Har. Blöndal hrl.             | kr. | 32.199,00        |
| 9.4. Innst.l. áv. Tollv.g.    | kr. | 17.725,75        |
| 13.4. Innst.l. áv. Tollstj.   | kr. | 725,20           |
| 24.4. Innst.l. áv. Töggur     | kr. | 27.374,00        |
| 7.5. Innst.l. áv. Bf. Kóp.    | kr. | 2.117,00         |
| 7.5. Innst.l. áv. Byko        | kr. | 862,20           |
| 4. Sendibílastöðin            | kr. | 2.110,00         |
| 18.4. + 14.9. Innst.l. áv.    |     |                  |
| Bæjarsj.                      | kr. | 65.751,20        |
| 10.5. Póstur & sími, Kóp.     | kr. | 9.883,35         |
| 8.5. Lb. Ísl. v/skbr.         | kr. | 121.033,70       |
| 15.5. Innst.l. áv. Eikin      | kr. | 7.800,00         |
| 30.8. Víxlar, DUX, Lb. Ísl.   | kr. | 96.600,00        |
| 18.5. Laun v/ræst. mars       | kr. | 4.560,00         |
| 28.5. Tollv.geymsla           | kr. | 30.948,00        |
| 2.6. Víxlar DUX               | kr. | 53.560,00        |
| 5.6. Tollv.geymsla            | kr. | 7.997,00         |
| 14.6. Sendibílast. Þr.        | kr. | 1.445,00         |
| 25.6. Póstur & sími, Kóp.     | kr. | 1.116,75         |
| 21.8. Lb. Ísl. v/skbr. (5.6.) | kr. | 100.236,00       |
| 10.9. og 13.12. Gestur Jónss. |     |                  |
| hrl. v/skbr.                  | kr. | 62.328,00        |
| 23.8. Ragnar Magnúss. Útvb.   |     |                  |
| v/víxla o. fl.                | kr. | 59.579,00        |

|                           |     |              |                  |
|---------------------------|-----|--------------|------------------|
| 25.5. Íþróttafél. v/augl. | kr. | 7.500,00     |                  |
| 9. Bóndinn v/augl.        | kr. | 25.000,00    |                  |
| Samtals                   | Kr. | 1.160.516,95 | Kr. 1.162.872,00 |
| Mismunur                  | kr. | 2.355,05     |                  |
|                           | Kr. | 1.162.872,00 | Kr. 1.162.872,00 |

Jafnframt hefur Jón Einar lagt fram viðskiptayfirlit sem hann telur sýna reikningsviðskipti aðila síðari hluta árs 1983 og fyrstu 3 mánuði ársins 1984:

*1983:*

|                           |     |                |
|---------------------------|-----|----------------|
| Innl. vanskilavixlar      |     |                |
| pr. 15.11.83              | kr. | 17.452,00      |
| pr. 22.11.83              | kr. | 8.880,40       |
| pr. 30.10.83              | kr. | 52.863,80      |
| pr. 01.11.83              | kr. | 114.846,32     |
| pr. 31.12.83              | kr. | 12.979,90      |
| Reikn. 3361 30.11.83      | kr. | 21.450,00      |
| inngr. 07.12.83           |     | kr. 120.000,00 |
| inngr. 31.12.83           |     | kr. 51.916,00  |
| Skuld Skeifunnar 31.12.83 |     | kr. 56.556,62  |
| Samtals:                  | kr. | 228.472,62     |

*1984:*

|                                    |     |            |                |
|------------------------------------|-----|------------|----------------|
| Flutt frá f. ári                   | kr. | 56.556,62  |                |
| Bankakostn. útl. stgj.             | kr. | 9.015,00   |                |
| umboðssala marz                    | kr. | 59.000,00  |                |
| skilað húsgögn (Formbólstrun)      |     |            | kr. 46.200,00  |
| vörusala                           | kr. | 23.434,00  |                |
| Kredit v/skilaðrar vöru febr.-mars |     |            | kr. 12.767,00  |
| vextir '83 og '84                  | kr. | 36.487,00  |                |
| Inngr. 13.04.84                    |     |            | kr. 102.233,80 |
| skuld 31.03.84                     |     |            | kr. 23.291,82  |
| Samtals                            | kr. | 184.492,62 | kr. 184.492,62 |
| Skuld 01.04.84                     | kr. | 23.292,82  |                |

Þessar kr. 23.292,82 kveður stefndi Jón Einar ennþá ógreiddar nema þá sem nemur þeim kr. 2.255,05 sem hann telur eftirstöðvar úr söluuppgjöri lagersins.



## IV.

Stefndi Jón Einar kveðst ekki hafa vitað betur en Árni Björgvinsson ætti fyrir skuldum þegar þeir gerðu framangreinda samninga. Sér hafi verið kunnugt um að hann átti einbýlishús að Reynihvammi 5 í Kópavogi (það var raunar selt skv. kaupsamningi dags. 8. nóvember 1984 á kr. 5.200.000,00, þar sem fram kemur að áhvilandi veð hinn 1.4.1984 eru öll eldri en frá 1976 og hafa samtals numið einungis kr. 23.400,00 að upphaflegu nafnverði að líkindum allt óverðtryggt. Fyrsta fjárnáminu er þinglýst 27.4.1984).

Fram hefur verið lagður í málinu eignaskiptasamningur Árna Björgvinssonar og konu hans, dags. 28.5.1984. Meginefni hans er að konan fær fasteignina að Reynihvammi 5 með áhvilandi veðskuldum sem þá voru að nafnverði kr. 491.159,00 (þrjár aðfarargerðir höfðu farið fram í eigninni í apríl og maí), en „fyrirtæki hjónanna „Húsgagnaverslunin Skeifan“, Smiðjuvegi 6, Kópavogi, með öllum vörubirgðum og viðskiptavild verður eign mannsins, enda ábyrgist hann allar skuldbindingar vegna rekstrarins“, eins og segir í samningnum. Konan fær allt innbú og helming söluandvirðis bifreiðar búsins, BMW árgerð 1982. Stefndi telur augljóst að það sé með þessum skilnaðarsamningi, sem gerður hafi verið eftir kaupin um lagerinn, sem maðurinn hafi gert sig eignalausan. Húseignin að Reynihvammi 5 hafi verið hjúskapareign mannsins. Stefndi tekur fram að hann hafi ekkert komið nálægt þessari samningsgerð, þekktur og virtur nafngreindur hæstaréttarlögmaður í Reykjavík hafi annast hana.

Fram hefur verið lagður í málinu listi er Árni Björgvinsson tók saman eða lét taka saman yfir skuldir sínar hinn 6. maí 1984 og er niðurstöðutalan kr. 4.351.122,00 að viðbættum kr. 93.522,00 vegna rafmagns og hita og kr. 67.000,00 áætlaðri skuld við bæjarsjóð Kópavogs eða samtals kr. 4.511.644,00.

## V.

Samningur sá frá 10.7.1984 sem liggur til grundvallar málssókn þessari hljóðar svo:

„Undirritaðir aðilar, Árni Björgvinsson kaupmaður, nnr. 0505-9860, Laugarnesvegi 39, Reykjavík, og Jón Einar Jakobsson hdl., nnr. 5152-3431, Hegranesi 35, Görðum, höfðu í hyggju að stofna með sér félag um rekstur húsnæðis þess að Smiðjuvegi 6 í Kópavogi er Árni hefur á leigu frá Skeifunni hf. skv. húsaleigusamningi dags. 22. júlí 1983. Gerðu aðilar með sér samkomulag, dags. 16. mars sl., um að vinna að félagsstofnun í þessu skyni og var það samkomulag samþykkt af Skeifunni hf. vegna þeirra atriða er að hlutafélaginu laut.

Aðilar hafa að athuguðu máli fallið frá því ráði að stofna áminnst félag

og fella hér með samninginn frá 16. mars úr gildi en gera í hans stað svo-  
felldan

s a m n i n g:

1. Jón Einar mun yfirtaka öll réttindi og skyldur Árna skv. húsaleigu-  
samningi hans við Skeifuna hf., dagsett (sic) 22. júlí 1983 um leigu á versl-  
unarhúsnæði á neðri hæð húseignarinnar nr. 6 við Smiðjuveg í Kópavogi,  
svo sem nánar er greint í þeim samningi, og húsbúnað og áhöld er með  
fylgdu skv. sérstakri fylgiskrá. Yfirtaka samningsins miðast við 1. apríl  
1984 og er að sjálfsögðu háð samþykki Skeifunnar hf.

2. Að fengnu samþykki Skeifunnar hf. fyrir yfirtöku húsaleigusamn-  
ingsins, sbr. a.o., mun Jón Einar kaupa af Árna allar vörubirgðir verslunar-  
innar Skeifunnar, sem Árni á og hefur rekið í ofan nefndu húsnæði. Létu  
aðilar framkvæma vörutalningu 1. apríl 1984 og voru þeir báðir viðstaddir  
og hafa samþykkt hana rétta. Kaupverð er kr. 1.162.872,00 og er þannig  
reiknað: Útsöluverð á talningardegi, kr. 1.914.856,00, að fráðregnum sölu-  
skatti (nú 19.028% af útsöluverði), og að fráðregnum 25% — tuttuguog-  
fimm af hundraði —.

Kaupandi hefur þegar greitt meginhluta kaupverðs en eftirstöðvar greið-  
ast skv. sérstöku samkomulagi. Skulu aðilar hið fyrsta gera reikningslegt  
uppgjör vegna kaupanna og skoðast það sem hluti samnings þessa.

Árni samþykkir að veð þau er hann setti Skeifunni hf. fyrir kaupum hans  
á lager Skeifunnar hf. sbr. kaupsamning þeirra dags. í júní 1983 skuli áfram  
standa til tryggingar skuldabréfum þeim er hann gaf út til Skeifunnar hf.  
við þau kaup.

Samkomulag þetta er bréffleg staðfesting á samkomulagi aðila frá 1. apríl  
1984 og er undirritað í viðurvist votta.

Garðabæ 10. júlí 1984.

Árni Björgvinsson.

Jón Einar Jakobsson.

Vottar að dags., undir-  
ritun og lögræði aðila:

Garðar Garðarsson hdl.

Þór Jónsson.

Skeifan h.f. samþykkir hér framsal ofan nefnds húsaleigusamnings frá 22.  
júlí 1983 til Jóns E. Jakobssonar vegna Bústofns frá og með 1. apríl 1984  
og yfirtekur því nefndur Jón öll réttindi og allar skyldur Árna Björgvins-  
sonar gagnvart Skeifunni h.f. eftir þessum húsaleigusamningi. Jafnframt  
fella aðilar úr gildi samkomulag frá 16. mars 1984 í þeim greinum er að  
þeim lúta.

Reykjavík, 13. júlí 1984.

pr. pr. Skeifan h/f.  
Magnús Jóhannsson.  
Jón Einar Jakobsson.

Vottar:

Sveinn Snorrason hrl.

Garðar Garðarsson hdl.“

Garðar Garðarsson, hæstaréttarlögmaður í Keflavík, sem kom fyrir dóm-inn sem vitni, kvaðst hafa skráð samning þennan að beiðni aðila eftir laus-legar viðræður við þá báða og eftir að hafa fengið fyrri samningsgögn í hendur. Kvaðst hann hafa litið á þessa skjalagerð sína sem svo að þarna væri verið að ganga endanlega frá því sem áður var búið að semja um, auk þess sem verið væri að framkvæma söluuppgjör.

Umrætt uppgjör, sem dagsett er sama dag og samningurinn og undirritað af aðilum, en á þessu uppgjóri eru dómkröfur stefnanda byggðar, hljóðar svo:

|                               |            |              |
|-------------------------------|------------|--------------|
| „Vörulager (kaupverð)         |            | 1.162.872,00 |
| víxill                        | 17.452,00  |              |
| víxill                        | 8.880,60   |              |
| víxill                        | 52.863,80  |              |
| reikn. nr. 3361               | 21.450,00  |              |
| víxill                        | 114.846,32 |              |
| víxill                        | 12.979,90  |              |
| vextir af víxlum              | 36.487,00  |              |
| 8.12.'83 innb. pen.           |            | 120.000,00   |
| Stimpilgjald                  | 9.015,00   |              |
| innst.laus áv.                | 32.199,00  |              |
| innst.laus áv.                | 725,20     |              |
| innst.laus áv.                | 17.725,75  |              |
| Tollvörugæymslan              | 30.948,00  |              |
| innst.l. áv.                  | 27.374,00  |              |
| innst.l. áv.                  | 2.117,00   |              |
| innst.l. áv.                  | 862,20     |              |
| Símareikn.                    | 9.883,35   |              |
| Eikin                         | 7.800,00   |              |
| Afb. af skuldabr. pr. 5.5.'84 | 121.033,70 |              |
| Sendibílar                    | 2.110,00   |              |
| húsaleiga í mars              | 7.997,00   |              |
| Karólína ræsting í mars       | 4.560,00   |              |
| Víxlar                        | 53.560,00  |              |
| sími 44117                    | 1.116,75   |              |

|                                       |              |              |
|---------------------------------------|--------------|--------------|
| Sendibíll                             | 1.445,00     |              |
| Innb. 4 skuldabr.                     |              | 102.233,80   |
| Eldhúsg. (Möbelhús)                   | 23.434,00    |              |
| Sófasett                              | 59.000,00    |              |
| Skilað vörum                          |              | 12.767,00    |
| Vörukaup Bahu (gr. m/vörum)           |              | 51.916,00    |
| Gr. m/skuldabr. 2.1. Magn. Jóhanns.   | 422.066,00   |              |
| Landsb. Ísl. v/M. Jóhn. pr. 5/6       | 100.236,00   |              |
| v/Sigurbjörns Ragnarss. (Gestur Jóns) | 62.328,00    |              |
| Formbólstrun                          |              | 46.200,00    |
| Bóndinn (augl.)                       | 25.000,00    |              |
| Íþróttaf. Kópavogs 1/2                | 7.500,00     |              |
| Ragnar Magnússon (bólstr.)            | 59.579,00    |              |
| Tékki v/bæjarsj. Kóp.                 | 65.751,20    |              |
| Víxlar, Dux                           | 96.600,00    |              |
|                                       | 1.516.925,77 | 1.495.988,80 |
| Mismunur, ofgr.                       |              | 20.937,00    |
|                                       | 1.516.925,77 | 1.516.925,77 |

Ofangreint uppgjör samþykkt og mér afhentir víxlar og kvittanir skv. ofangreindu.

Uppgjör skv. samn. dags. 10/7 1984 hefur því farið fram og er mér að fullu greitt.

10.7. 1984

Árni Björgvinsson.

Samþykkur:

Jón E. Jakobsson.“

#### *Álit réttarins.*

Líta verður svo á að kaup stefnda Jóns Einars Jakobssonar á vörulager Árna Björgvinssonar hafi farið fram hinn 1. apríl 1984. Þann dag fór afhending lagersins fram og umsamið kaupverð hans var endanlega ákvarðað með vörutalningu er fram fór þann dag. Frá og með þeim degi tók stefndi við leigusamningi um umrætt verslunarhúsnæði á grundvelli samnings er aðilar höfðu gert hinn 16. mars 1984 við leigusalann Skeifuna hf. og samkvæmt munnlegu viðbótarsamkomulagi um að stefndi yrði beinn leigutaki frá 1. apríl. Þetta síðastgreinda munnlega samkomulag, um framsal í stað framleigu, hefur framkvæmdastjóri Skeifunnar hf., Magnús Jóhannsson, staðfest hér fyrir dómi, og texti kvittana hans f.h. Skeifunnar hf., sem eru frá 1.4.1984 stílaðar á „Jón E. Jakobsson/Bústofn“, svo og texti áritunar

hans f.h. Skeifunnar hf. á samninginn frá 10.7.1984, eru einnig til staðfestingar því.

Það atriði að hið skriflega samningsuppkast um kaup stefnanda á lagernum frá 20. mars 1984 var framkvæmt í raun styður það að kaupin hafi verið frágengin hinn 1. apríl sama ár.

Ákvæði samningsins frá 10.7.1984 um „að fella samninginn frá 16. mars 1984 úr gildi“ lýtur augljóslega að ákvæðum hans um félagsstofnun og framleigu, en ekki að síðar gerðum munnlegum samningi á grundvelli uppkastsins frá 20. mars 1984.

Að sönnu eru greiðslur vegna fyrri viðskipta annars vegar og greiðslur vegna vörulagersins hins vegar ekki aðgreindar eða dagsettar í uppgjörinu sem er fylgiskjal með samningnum frá 10. júlí 1984. Á hinn bóginn hefur stefndi með framlagningu sundurliðaðs yfirlits undir rekstri máls þessa, þar sem greiðslur eru dagsettar og nokkurn veginn studdar fylgiskjöllum, sýnt nægilega fram á að umræddar greiðslur voru ýmist fyrirframgreiðslur upp í lagerinn (skuldabréfið frá 16. mars, innstæðulaus ávísun greidd 19. mars) eða greiðslur eftir að kaup á lagernum fóru fram.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda í máli þessu.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda hluta málskostnaðar hans eða kr. 100.000,00. Er þá tekið tillit til þess til lækkunar í fyrsta lagi að ólíklegt er að til málshöfðunar þessarar hefði komið ef vandvirkni hefði verið gætt við skjalagerð og uppgjör hinn 10.7.1984, en stefndi útvegaði lögmann þann er gekk frá plöggunum og er sjálfur lögmaður, og í öðru lagi að stefndi tapaði þeim þætti málsins er úrskurður gekk um hinn 8. apríl 1986 að undangengnum munnlegum málflutningi.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Einar Jakobsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, þrotabús Árna Björgvinssonar, í máli þessu.

Stefnandi, þrotabú Árna Björgvinssonar, greiði stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, kr. 100.000,00 í málskostnað.